

Aðalfundur Hrossaræktarfélags Hrunamanna 15.11.2018

Reiðhöllin á Flúðum.

Þorsteinn Gunnar Þorsteinsson, formaður félagsins setur fundinn kl 20:38

Guðríður Eva Þórarinsdóttir, ritari stjórnar, ritar fundinn.
Svava Kristjánsdóttir gjaldkeri er einnig mætt á fundinn.

1. Mál – Kosning tveggja varamanna í stjórn félagsins

Samkvæmt reglum félagsins þarf að kjósa um tvo varamenn í stjórn félagsins. Það hefur ekki verið gert síðustu ár og stjórn félagsins fær ekki aðgang að skattagögnum félagsins á meðan varamenn eru ekki löglega kosnir.

Bára Másdóttir og Jón William Bjarkason bjóða sig fram á fundinum sem varamenn í stjórn.

Þau fá bæði lófaklapp að launum og eru þar með kosin.

2. Mál - Hækkun á árgjaldi félagsmanna úr 2000kr í 3000kr

Magnús Helgi spyr hvers vegna þurfi að hækka árgjaldið, hvort ekki sé til nægur sjóður hjá félaginu:

Guðríður byrjar á því að segja að félagsgjöld hjá félaginu hafi haldist óbreytt í mjög langan tíma, af þeirri ástæðu einni er ekki óeðlilegt þó þau hækki eitthvað.

Þó að einhver sjóður sé til þá hefur staðan verið þannig undanfarin ár að innkoma félagsins hefur ekki verið jöfn gjöldum sem greidd eru af landleigu í bæði tittagirðingunni við ruslahaugana og graðhestahólfunum við Hruna. Því hefur gengið á þann sjóð á hverju ári, þó ekki sé verið að tala um stórar upphæðir hvert ár.

Það fer að líða að miklu viðhaldi á girðingum hjá félaginu, næsta vor verður nauðsynlegt að endurnýja að mestu leiti allar girðingar bæði við ruslahaugana og í Hruna. Eins þarf að ráðast í einhverjar framkvæmdir gegn kjarrgróðri í girðingunni við ruslahaugana ef hún á að nýtast áfram til beitar. Það liggja því fyrir þó nokkur stór útgjöld á félagið.

Þess fyrir utan er nauðsynlegt fyrir félagið að eiga varasjóð til þess að grípa í. Það er þannig að þeir graðhestar sem koma hingað í girðingu eru leigðir af félaginu. Félagið sér því um að innheimta folatolla til hryssueigenda en greiðir eingreiðslu upp á alla tollana til eiganda graðhestsins eftir sumarið. Ef eitthvað kemur upp á eða það gengur illa að innheimta fyrir tollana er nauðsynlegt að félagið geti samt sem áður gert upp við eigendur hestanna. Það er bæði dýrt fyrir félagið að geta ekki staðið í greiðslum á réttum tíma og svo kemur það óorði á félagið sem verður til þess að erfiðara er að fá leigða þá hesta sem óskað er eftir. Eins þarf félagið að geta borgað aðra reikninga sem falla á félagið þó það dragist að innheimta.

Grímur biður um útskýringar á stöðu varasjóðs félagsins.

Frá stjórn:

Staðan er þannig varasjóður félagsins liggur að mestu leiti í útistandandi skuld við einn aðila.

Haust 2018 leitaði stjórn til Sigurjóns Jónssonar í bókhaldsþjónustunni Baggamun til þess að fara yfir bókhald félagsins frá árinu 2011. Stjórninni þótti rétt að fá fagaðila í verkið og því var talað við Sigurjón.

Niðurstaðan eftir bókhaldsvinnuna er sú að varasjóður félagsins liggur nær allur í útistandandi skuld.

Stjórn félagsins hefur með aðstoð Sigurjóns haft samband við málsaðila og unnið er að því að finna farsæla lausn á innheimtu skuldarinnar og vonast er til þess að málið leysist sem fyrst

Hækkun félagsgjalda er samþykkt samhljóða af öllum fundargestum.

3. Mál - Kynning á graðhestinum Trymbli frá Stóra-Ási sem félagið hefur fengið til leigu sumarið 2019

Stjórnarmenn eru mjög ánægðir að hafa fengið Trymbil til félagsins og fundargestir eru sammála því.

Ekki er komið verð á hestinn og eins er ekki ákveðið hvort hann verði hérna allt sumarið í einu löngu gangmáli eða hvort hann verði einungis hér hluta úr sumri. Ef aðsókn í hestinn er mikil er ekki ólíklegt að hann verði hérna allt sumarið.

Stjórn dreifði skjali með upplýsingum um hestinn til fundargesta, en hægt er að nálgast allar helstu upplýsingar um hestinn á heimasíðu félagsins.

Fundi slitið 20:57